

Ytra mat grunnskóla

Grunnskóli Önundarfjarðar

maí 2019

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Ísafjarðarbæ.

Höfundar: Birna Sigurjónsdóttir og Svanhildur María Ólafsdóttir

© Menntamálastofnun, 2019.

ISBN 978-9979-0-2342-5

Efnisfirlit

Samantekt niðurstaðna.....	4
Stjórnun og forysta.....	4
Nám og kennsla.....	5
Innra mat.....	6
Skólaprófill.....	7
Upplýsingar um Grunnskóla Öfundarfjarðar.....	8
Niðurstöður.....	9
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta.....	9
1.1 Samvirkni í stefnumótun.....	9
1.2 Faglegt samstarf og samræða.....	9
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu.....	10
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga.....	10
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	10
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	11
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna.....	11
Þáttur 2 – Nám og kennsla.....	14
2.1 Inntak og námskrá.....	14
2.2 Árangur náms.....	14
2.3 Gæði kennslu.....	16
2.4 Skipulag náms.....	17
2.5 Námsvitund.....	18
2.6 Ábyrgð og þátttaka.....	18
Þáttur 3 – Innra mat.....	20
3.1 Skipulag.....	20
3.2 Framkvæmd.....	20
3.3 Umbætur.....	20

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Grunnskóla Öfundarfjarðar sem fór fram á vorönn 2019. Teknir voru fyrir þrjú matsþættir. Þættirnir sem lagt var mat á voru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla* og *innra mat*. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni.

Stjórnun og forysta

Styrkleikar

- Áhersla er lögð á rétt allra nemenda til náms á eigin forsendum, jákvæðan skólabrag og vellíðan nemenda.
- Starfsáætlun er heildstæð og lýsandi fyrir skólastarfið.
- Litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild.
- Starfsmenn eru hvattir til að leita sér starfsþróunar og fá svigrúm til þess.
- Starfsþróun og þróunarverkefni eru sameiginleg fyrir alla skóla sveitarfélagsins.
- Samskipti, viðhorf og tengsl eru jákvæð í skólasamfélaginu.
- Foreldrar hafa greiðan aðgang að stjórnanda og kennurum.
- Góð samvinna er við grenndarsamfélagið.
- Þróunar- og umbótavinna er hafin með innleiðingu Gæðagreina þar sem allir starfsmenn eru þátttakendur.
- Unnið er með niðurstöður skimana og kannana í starfsmannahópnum til að efla nám og líðan nemenda.
- Sátt er í skólasamfélaginu um stjórn skólans og daglegt skipulag.
- Starfsmannastefna, forvarnaráætlun, eineltisáætlun, jafnréttisáætlun og rýmingaráætlun eru vel skilgreindar, koma fram í starfsáætlun og eru sameiginlegar fyrir alla skóla sveitarfélagsins.
- Vel er haldið utan um vörslu persónuupplýsinga og upplýsingagjöf um nemendur.
- Nemendur hafa fengið kynningu á netöryggi.
- Stjórnendur og kennarar geta leitað eftir ráðgjöf og stuðningi frá Skóla- og tómstundasviði sveitarfélagsins.
- Skipulögð samvinna fámennra skóla í sveitarfélaginu er um þróun skólastarfsins og starfsþróun.

Tækifæri til umbóta

- Endurskoða þarf skólanámskrá í samræmi við viðmið aðalnámskrár og gera hana opinbera með birtingu á heimasíðu.
- Skrá þarf hvernig unnið er með stefnu skólans í námskrám og áætlunum.
- Móta þarf markvisst ferli um samráð við hagsmunaaðila skólasamfélagsins hvað varðar stefnumótun og endurskoðun á skólanámskrá og starfsáætlun.
- Vinna þarf með niðurstöður kannana og skimana á formlegan hátt.
- Tryggja þarf kennurum ráðgjöf og leiðbeiningar til að nýta niðurstöður og gögn.
- Skrá þarf formlega starfsþróunaráætlun/símenntunaráætlun sem nær til allra starfsmanna skólans.

- Stuðla þarf að virkari þátttöku skólaráðs og foreldra í stefnumótun skólans og móta skilvirkt verklag um starfsemi skólaráðs.
- Efla þarf skilvirkt upplýsingastreymi og kynningu á skólastarfinu.
- Efla samvinnu á milli leik- og grunnskóla í daglegu starfi.
- Móta og skrá verklag um hvernig gögn um árangur og líðan nemenda eru nýtt í skipulagi kennslu til að efla árangur nemenda.
- Vinna áfram að innleiðingu Gæðagreina og sjá til þess að allir hagsmunaaðilar komi að þeirri vinnu.
- Uppfæra heimasíðu skólans og sjá til þess að helstu upplýsingar um skólastarfið séu þar aðgengilegar og nýjar.
- Tryggja að nemendur fái vikulegan kennslutíma samkvæmt lögum og reglugerðum.
- Þjálfarar nemendur í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
- Stjórnandi þarf að vinna markvisst að því að efla starfsmannahópin með því fylgjast með námi og kennslu og veita þeim reglulega endurgjöf á störf sín.
- Veita þarf markvissan stuðning og ráðgjöf til að tryggja stöðugleika í starfsmannahaldi.
- Skrá verkaskiptingu starfsmanna og fela þeim ábyrgð og umboð til að leiða verkefni.
- Skóla- og tólmstundasvið sveitarfélagsins þarf að veita nýjum stjórnanda og kennurum markvissa leiðsögn, ráðgjöf og stuðning við mótun skólastarfsins.

Nám og kennsla

Styrkleikar

- Skólinn leggur áherslu á að rækta hæfileika einstaklingsins og einbeittir sér að því að gera nemendur jafnt góða sem fróða.
- Einkunnarorð skólans, *virðing, metnaður, gleði, ábyrgð* eru birt á heimasíðu skólans.
- Foreldrar eru almennt ánægðir með skólann og stjórnun hans.
- Sérstakur stuðningur fer að öllu jöfnu fram innan námshópsins.
- Markvisst hefur verið unnið að því að bæta líðan nemenda og draga úr einelti með áherslu á lífsleikni og bekkjarfundi.
- Fagmennska og kennslufræðileg hæfni kennara sást í vettvangsheimsóknum, skipulag kennslutíma var að jafnaði gott og tími vel nýttur.
- Leiðbeinandi kennsluáherslur sáust í 38% metinna kennslustunda sem er hærra hlutfall en almennt gerist og markviss samvinna allra nemenda eða að hluta í 45% stunda.
- Nemendur nýttu upplýsingatækni í námi sínu í tæplega helmingi stunda.
- Nemendur voru almennt áhugasamir í námi og virkir í kennslustundum sem heimsóttar voru.
- Nemendur hafa frumkvæði að félagsstarfi og hafa áhrif á aðstæður sínar.

Tækifæri til umbóta

- Ljúka endurskoðun skólanámskrár, almennum hluta og birta á heimasíðu.
- Móta stefnu skólans um fjölbreytta kennsluhætti og fjölbreytt námsmat.
- Útbúa námsvísa þar sem birtist heildaráætlun um nám nemenda og lýst er hvernig einstakir þættir námsgreina raðast á námsár í samkenningunni.
- Útbúa námsáætlanir í öllum námsgreinum þar sem koma fram upplýsingar um námsmat og hæfniviðmið sem stefnt er að.

- Fram komi í námsáætlunum hvernig unnið er að námsaðlögun og framkvæmd stuðnings.
- Skrá hvernig unnið er að lykilhæfni og grunnþáttum menntunar.
- Vinna markvisst með niðurstöður námsmats og samræmdra könnunarprófa með það að markmiði að auka árangur nemenda.
- Veita foreldrum reglulega upplýsingar um námsárangur barns síns.
- Morgunverðarstund sé ekki tekin af kennslutíma nemenda.
- Auka vægi umræðna og skoðanaskipta í námi nemenda.
- Gæta þess að listgreinar, þ.e. tónmennt, sjónlistir og sviðslistir og verkgreinar, þ.e. hönnun og smíði, textílmennt og heimilisfræði hafi jafnt vægi innan heildartíma þessara greina.
- Auka vægi valgreina á unglíngastigi þannig að þær séu um fimmtungur námstímans.
- Taka tillit til gagnrýni nemenda á nám og vinnubrögð.
- Þjálfarar nemendur í að meta eigið nám, vinnu og námsframvindu.

Innra mat

Styrkleikar

- Matsvinna með Gæðagreinum stendur nú yfir og taka allir starfsmenn þátt í þeirri vinnu.
- Gagna um skólastarf er aflað hjá nemendum, starfsfólki og foreldrum.
- Niðurstöður kannana eru kynntar innan skólans.

Tækifæri til umbóta

- Skipa þarf teymi um innra mat með fulltrúum allra aðila skólasamfélagsins.
- Fjalla um leiðir sem skólinn fer til að meta innra starf í skólanámskrá.
- Innra mat þarf að verða samofið daglegu skólastarfi.
- Hafa áætlun um innra mat opinbera.
- Gera þarf mat á kennslu og fagmennsku kennara að föstum lið í innra mati.
- Afla gagna um skólastarf með fjölbreyttari aðferðum en könnunum hjá aðilum skólasamfélagsins.
- Vinna umbótaáætlun út frá mati með Gæðagreinum og tilgreina hvernig og hvenær á að meta árangur umbótaáðgerða.

Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófilar skóla eru ekki samanburðarhæfir milli þeirra skóla sem metnir voru á árunum 2013 til hausts 2018. Eftir það tekur nýtt matstæki og nýr litaskali við.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Upplýsingar um Grunnskóla Önundarfjarðar

Grunnskóli Önundarfjarðar er þéttbýlisskóli og stendur við Tjarnargötu á Flateyri. Flateyri tilheyrir sveitarfélaginu Ísafjarðarbæ.

Einkunnarorð skólans eru: Virðing, ábyrgð, metnaður, gleði. Allir hafa hið góða í sér og möguleikann til að verða betri manneskjur. Árið 1903 var skólahús byggt og barnaskóli stofnaður á Flateyri en haustið 1961 var núverandi skólahúsnaði tekið í notkun. Samrekstur leik- og grunnskóla er í þróun, sami skólastjóri stýrir báðum skólum en allur rekstur er aðskilinn enn sem komið er.

Í skólanum eru 18 nemendur á vorönn 2019.

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	0	2	4	4	0	0	0	4	4	
Samkennsluhópar	Samkennsla er í 2.- 4. bekk							Samkennsla í 8. og 9. bekk,		

Þetta skólaár er samkennsla í 8. og 9. bekk en almennt hafa skilin verið yngri (1.-4. bekkur) og eldri (5.-10. bekkur) en það reyndi ekki á það hvernig svo breið aldursdreifing virkar þetta skólaárið.

Starfsmenn Grunnskóla Önundarfjarðar eru fimm; skólastjóri sem er einnig skólastjóri leikskólans Grænagarðs, tveir kennarar í 100% stöðu hvor, einn háskólamenntaður leiðbeinandi í 65% stöðu og einn starfsmaður í 100% starfi, 62,5% stöðu skólaliða og 37,5% stöðu í dægradvöl sem starfrækt er síðdegis í húsnæði grunnskólans og er undir stjórn skólastjóra.

Fjórir nemendur eru af erlendum uppruna og í vetur stundar einn nemandi nám á öðru skólastigi.

Nemendur sem fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli eru þrír á yngsta stigi, einn nemandi er með einstaklingsnámskrá og þrír nemendur með aðlagaða námskrá.

Fjöldi kennslustunda sem fallið hafa niður á skólaárinu eftir bekkjum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi kest.		1	1	1				9	9	

Niðurstöður

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklags-reglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	---	---------------------------------	---------------------------------------	---------------------------------------	--

1.1 Samvirkni í stefnumótun

Stjórnandi leggur áherslu á rétt allra nemenda til náms á eigin forsendum og kemur það fram í stefnu skólans og viðtölum við stjórnanda, kennara og foreldra. Unnið er samkvæmt stefnu, sýn og starfsmarkmiðum skólans og sveitarfélagsins fyrir skólaárið 2018-2019 sem sjá má í starfsáætlun fyrir skólaárið. Umfjöllun um hvernig unnið er með grunnþætti menntunar og lykilhæfni kemur ekki fram, hvorki í starfsáætlun eða námsáætlunum nemenda.

Skólanámskrá er ekki opinber og hefur ekki verið endurskoðuð í tvö ár. Í drögum að skólanámskrá frá 2016-2017 má finna umfjöllun um grunnþætti menntunar og hvernig skuli unnið með þá en þess sjást ekki merki í skólastarfinu í dag.

Starfsáætlun skólans fyrir skólaárið 2018-2019 er birt á heimasíðu skólans. Hún hefur verið kynnt fyrir skólaráði en hagsmunaaðilar skólasamfélagsins hafa ekki komið að stefnumótun skólastarfsins á þessu skólaári. Nýr stjórnandi og nýir kennarar komu að skólanum haustið 2018. Þeir vinna í vetur að mótun og uppbyggingu skólastarfsins með megináherslu á vellíðan nemenda og jákvæðni í daglegu starfi. Stjórnandi vinnur með skólayfirvöldum í sveitarfélaginu að stefnumótun skólamála.

Vorið 2017 var skipaður starfshópur stjórnenda, kennara, foreldra og annarra hagsmunaaðila til „að fjalla um áform bæjarstjórnar um flutning leik- og grunnskólans á Flateyri í eitt húsnæði og að koma með hugmyndir að leiðum til að styrkja skólastarf á Flateyri og færa rök fyrir ágæti hugmyndanna.“ Starfshópurinn skilaði lokaskýrslu vorið 2018 með hugmyndum og tillögum til umbóta.¹

1.2 Faglegt samstarf og samræða

Stjórnandi hefur faglegan metnað og væntingar til náms og kennslu. Fram kom í viðtölum við starfsmenn og stjórnanda að hann skapar svigrúm fyrir starfspróun starfsmanna og hvetur kennara til að þróa kennsluhætti sína. Fagleg samræða og stefnumótun fer fram á vikulegum samráðs- og kennarafundum. Lýðræðisleg vinnubrögð eru viðhöfð í skólanum og litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild.

Unnið er með niðurstöður Skólapúlsins, lesfímiprófa og samræmdra prófa á óformlegan hátt með samræðum á samráðs- og kennarafundum. Í gögnum og viðtölum við stjórnendur og kennara kemur ekki fram hvort eða hvernig niðurstöður um framfarir nemenda eru skráðar og aðgengilegar viðeigandi aðilum. Skráning þessara gagna liggur ekki fyrir við matið. Þá er óljóst hvernig ráðgjöf og leiðbeiningar

1. Lokaskýrsla. Samráðshópur um leik- og grunnskólastarf á Flateyri. 2018. Krístrún Lind Birgisdóttir, Trappa, Ráðgjöf.

kennarar fá til að nýta niðurstöður og gögn. Skóla- og tómstundasvið Ísafjarðar skipuleggur í samvinnu við stjórnendur skóla starfsþróun og þróunarverkefni sem eru sameiginleg fyrir alla skóla sveitarfélagsins.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Samskipti, viðhorf og tengsl eru jákvæð á milli skóla og foreldrasamfélags. Fram kom í rýnihópum foreldra og fulltrúa í skólaráði að stjórnandi vinnur að því að skapa skólanum jákvæða ímynd í samfélaginu og foreldrar hafa greiðan óformlegan aðgang að stjórnanda og kennurum með ábendingar og sjónarmið. Formlegar samskiptaleiðir eru í gegnum skólaráð auk þriggja viðtalsfunda við nemendur og foreldra á skólaárinu. Upplýsingastreymi fer fyrst og fremst í gegnum tölvupósta. Á þessu skólaári hefur ekki verið haldinn formlegur kynningar- og samræðufundur með foreldrum um skólastarfið og stefnumótun þess.

Foreldrakönnun var send út í tengslum við ytra matið. 70% svarenda voru ánægðir með skólann og finnst skólanum vel stjórnað en 40% foreldra telja að ekki sé leitað til þeirra eftir tillögum eða hugmyndum um skólastarfið og ekki sé tekið tillit til ábendinga og/eða athugasemda um skólastarfið.

Í starfsáætlun er fundaskipulag og dagskrá þriggja skólaráðsfunda á skólaárinu en fram kom að einungis einn fundur skólaráðs hafði verið haldinn á haustönn. Ekki hefur verið haldinn opinn fundur um skólamál fyrir skólasamfélagið á vegum skólaráðs.

Grunnskólinn og leikskólinn eru undir einni stjórn og sameiginlegt foreldrafélag er fyrir bæði skólastigin sem sér um viðburði í skólasamfélaginu. Samstarf er við önnur skólastig og grenndarsamfélagið og unnið er að því að þróa það enn frekar. Sem dæmi má nefna samstarfsverkefni með Lýðháskólanum á Flateyri og eldri borgarar koma í skólann og fylgjast með yngri nemendum lesa. Árshátíð og sílaball er haldið árlega á vegum skólans þar sem allir bæjarbúar mæta. Frístund er starfrækt í skólanum síðdegis fyrir yngri nemendur og félagsmiðstöð fyrir unglinga sem geta einnig farið í félagsmiðstöð á Ísafirði einu sinni í viku. Haldinn er einn kynningarfundur á ári fyrir nemendur 10. bekkjar með Menntaskólanum á Ísafirði og töluvert samstarf er á milli fámennu skólanna í sveitarfélaginu hvað varðar félagsstarf nemenda, sameiginlegar skemmtanir og heimboð.

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Stjórnandi miðlar niðurstöðum mats og mælinga fyrst og fremst á starfsmannafundum og eru þær nýttar til að ígrunda og efla nám og líðan nemenda. Niðurstöður eru einnig kynntar skólaráði en þær hafa ekki verið kynntar nemendum eða foreldrum. Í rýnihópi foreldra kom fram að ekki sé hægt að kynna niðurstöður úr Skólapúlsi þar sem þær séu persónugreinanlegar vegna fámennis. Í foreldraviðtölum er rætt um líðan og stöðu nemenda.

Í árskýrslu 2017-18 má finna úrbótaáætlun með þremur áherslupáttum hvað varðar niðurstöður Skólapúlssins það skólaár. Þar kemur þó ekki fram hvernig á að vinna með þá eða hver ber ábyrgð á framkvæmd, tímasetningum og eftirfylgni. Í starfsáætlun 2018-19 kemur fram að unnið verði að endurskoðun skólanámskrár og lagðar línur fyrir sjálfsmat og úrbótaáætlun fyrir næstu ár.

1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Á þessu skólaári eru 18 nemendur í skólanum og er þeim kennt í tveimur deildum; 2.-4. bekk og 8.-9. bekk. Stjórnandi kennir aðeins fjóra tíma á viku þar sem hann rekur bæði leik- og grunnskólann. Fram kemur í viðtölum við foreldra, nemendur og starfsmenn að sátt er í skólasamfélaginu um stjórn skólans

og daglegt skipulag. Uppfæra þarf heimasíðu skólans en hún inniheldur að mestu gamlar upplýsingar frá fyrri skólaárum.

Skóladagar nemenda samkvæmt skóladagatali 2018-19 eru 180. Þar af eru 3 skertir dagar sem bætt er ofan á kennsludaga vegna nemenda- og foreldraviðtala, árshátíðar og kvöldskemmtunar. Starfsdagar kennara eru fimm. Samkvæmt stundatöflu nemenda í 8.-9. bekk eru kennslustundir 35 á viku en eiga að vera 37 kennslustundir samkvæmt viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár. Samkvæmt stundatöflu nemenda í 2.-4. bekk eru kennslustundir 29 á viku en eiga að vera 30 kennslustundir.

Tveir nemendur eru í skólaráði og þar sem það eru einungis átta nemendur í 8.-9. bekk var ákveðið að þau yrðu öll í nemendaráði/félagi. Fram kemur á fundum með nemendum að þeim finnst að ekki sé hlustað á sjónarmið þeirra eða þeir fái þjálfun í að koma skoðunum sínum á framfæri. Það kemur þó fram í kennsluáætlun í lífsleikni á þessu skólaári að unnið er með þessa þætti hjá 8.-9. bekk, einnig kom fram hjá foreldrum og starfsmönnum að þeir telja að nemendur geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri.

Samkvæmt upplýsingum stjórnanda er varsla persónuupplýsinga og upplýsingagjöf um nemendur samkvæmt lögum og reglugerðum. Nemendur hafa fengið kynningu á netöryggi. Fram kom á fundi með foreldrum að það þyrfti að fylgjast betur með öryggismálum í skólanum og nefnt var að ekki hefði verið haldin brunaæfing á þessu skólaári. Fram kemur í starfsáætlun að unnið er samkvæmt starfsmannastefnu Ísafjarðarbæjar hvað varðar starfsmannamál, eineltismál, forvarnir og jafnrétti.

1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Stjórnandi stuðlar að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal starfsmanna, nemenda og foreldra. Stjórnandi er sýnilegur í daglegu starfi og ávallt til staðar fyrir nemendur, starfsmenn og foreldra ef með þarf. Kennslu og skipulagi er skipað niður meðal kennara og starfsmanna miðað við menntun og áhugasvið eins vel og hægt er. Stjórnandi fylgist að nokkru leyti með námi og kennslu og fram kemur í viðtali að hann veitir endurgjöf ef óskað er eftir því. Á fundi með starfsmönnum og kennurum kom fram að þeim er hrósað fyrir störf sín.

Nýtt starfsfólk kom að skólanum haustið 2018, stjórnandi, kennarar og starfsmenn. Fram kemur í fyrirspurn til stjórnanda og viðtölum við kennara og starfsmenn að þeir fengu stuðning og ráðgjöf samkvæmt móttökuáætlun Ísafjarðarbæjar auk þess sem þeir hafa geta leitað eftir sérstökum stuðningi frá Skóla- og tómsfundasviði Ísafjarðar. Að öðru leyti leita kennarar og starfsmenn eftir stuðningi og ráðgjöf frá hverjum öðrum.

Starfsþróunarsamtöl fara fram einu sinni á ári. Réttindi og skyldur starfsmanna eru skráðar í starfsáætlun. Undanfarin ár hafa verið ör starfsmannaskipti og því er afar mikilvægt að Skóla- og tómsfundasvið Ísafjarðar komi að því að tryggja stöðugleika í starfsmannahaldi með öflugum stuðningi og ráðgjöf.

1.7 Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna

Stjórnandi sinnir eigin starfsþróun og hvetur aðra starfsmenn til virkrar starfsþróunar. Fram kemur í viðtölum að fámennu skólarnir í sveitarfélaginu vinna töluvert saman að starfsþróun stjórnenda og kennara sem og þróun skólastarfsins. Þar má nefna að allir skólarnir setja sér starfsmarkmið skólaársins og þar er áhersla lögð á vellíðan, lestur og stærðfræði, auk þess að vinna sameiginlega að ýmsum viðburðum fyrir nemendur á svæðinu. Skóla- og tómsfundasvið sveitarfélagsins veitir einnig ráðgjöf og

stuðning og hefur forgöngu um starfsþróun stjórnenda og kennara ef þess er óskað. Ábyrgðar- og verkaskipting er frekar óljós en fram kemur í viðtölum við kennara og starfsmenn að þeir upplifa traust og umboð til starfa sinna. Hér þyrfti þó að vinna markvisst að ákveðinni verkaskiptingu, skrá niður verkefni og ábyrgðaraðila þannig að allir viti hvert er þeirra hlutverk og ábyrgð við að leiða verkefni.

Styrkleikar

- Áhersla er lögð á rétt allra nemenda til náms á eigin forsendum, jákvæðan skólabrag og vellíðan nemenda.
- Starfsáætlun er heildstæð og lýsandi fyrir skólastarfið.
- Litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild.
- Starfsmenn eru hvattir til að leita sér starfsþróunar og fá svigrúm til þess.
- Starfsþróun og þróunarverkefni eru sameiginleg fyrir alla skóla sveitarfélagsins.
- Samskipti, viðhorf og tengsl eru jákvæð í skólasamfélaginu.
- Foreldrar hafa greiðan aðgang að stjórnanda og kennurum.
- Góð samvinna er við grenndarsamfélagið.
- Þróunar- og umbótavinna er hafin með innleiðingu Gæðagreina þar sem allir starfsmenn eru þátttakendur.
- Unnið er með niðurstöður skimana og kannana í starfsmannahópnum til að efla nám og líðan nemenda.
- Sátt er í skólasamfélaginu um stjórn skólans og daglegt skipulag.
- Starfsmannastefna, forvarnaráætlun, eineltisáætlun, jafnréttisáætlun og rýmingaráætlun eru vel skilgreindar, koma fram í starfsáætlun og eru sameiginlegar fyrir alla skóla sveitarfélagsins.
- Vel er haldið utan um vörslu persónuupplýsinga og upplýsingagjöf um nemendur.
- Nemendur hafa fengið kynningu á netöryggi.
- Stjórnendur og kennarar geta leitað eftir ráðgjöf og stuðningi frá Skóla- og tómstundasviði sveitarfélagsins.
- Skipulögð samvinna fámennra skóla í sveitarfélaginu er um þróun skólastarfsins og starfsþróun.

Tækifæri til umbóta

- Endurskoða þarf skólanámskrá í samræmi við viðmið aðalnámskrár og gera hana opinbera með birtingu á heimasíðu.
- Skrá þarf hvernig unnið er með stefnu skólans í námskrám og áætlunum.
- Móta þarf markvisst ferli um samráð við hagsmunaaðila skólasamfélagsins hvað varðar stefnumótun og endurskoðun á skólanámskrá og starfsáætlun.
- Vinna þarf með niðurstöður kannana og skimana á formlegan hátt.
- Tryggja þarf kennurum ráðgjöf og leiðbeiningar til að nýta niðurstöður og gögn.
- Skrá þarf formlega starfsþróunaráætlun/símenntunaráætlun sem nær til allra starfsmanna skólans.
- Stuðla þarf að virkari þátttöku skólaráðs og foreldra í stefnumótun skólans og móta skilvirkt verklag um starfsemi skólaráðs.
- Efla þarf skilvirkt upplýsingastreymi og kynningu á skólastarfinu.
- Efla samvinnu á milli leik- og grunnskóla í daglegu starfi.

- Móta og skrá verklag um hvernig gögn um árangur og líðan nemenda eru nýtt í skipulagi kennslu til að efla árangur nemenda.
- Vinna áfram að innleiðingu Gæðagreina og sjá til þess að allir hagsmunaaðilar komi að þeirri vinnu.
- Uppfæra heimasíðu skólans og sjá til þess að helstu upplýsingar um skólastarfið séu þar aðgengilegar og nýjar.
- Tryggja að nemendur fái vikulegan kennslutíma samkvæmt lögum og reglugerðum.
- Þjálfarar nemendur í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
- Stjórnandi þarf að vinna markvisst að því að efla starfsmannahópinn með því fylgjast með námi og kennslu og veita þeim reglulega endurgjöf á störf sín.
- Veita þarf markvissan stuðning og ráðgjöf til að tryggja stöðugleika í starfsmannahaldi.
- Skrá verkaskiptingu starfsmanna og fela þeim ábyrgð og umboð til að leiða verkefni.
- Skóla- og tómstundasvið sveitarfélagsins þarf að veita nýjum stjórnanda og kennurum markvissa leiðsögn, ráðgjöf og stuðning við mótun skólastarfsins.

Páttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námssvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	-------------	--------------------

2.1 Inntak og námskrá

Skólastefna Ísafjarðarbæjar nær til grunnskólanna fjögurra í sveitarfélaginu. Lestrarstefna Ísafjarðarbæjar hefur einnig verið gefin út og er unnið eftir henni í skólanum. Í starfsáætlun skólans fyrir yfirstandandi skólaár kemur fram að skólinn leggur áherslu á að rækta hæfileika einstaklingsins og einbeitir sér að því að gera nemendur jafnt góða sem fróða.

Skólanámskrá, almennur hluti er aðeins til í drögum sem unnin voru fyrir tveimur árum en drögin eru ekki birt á heimasíðu skólans. Endurskoðun á skólanámskránni er ekki hafin á þessu skólaári að sögn skólastjóra. Starfsmenn vinna með grunnþættina; sjálfbærni, lestur, heilbrigði og líðan og flétta þá inn í skólastarfið en sú vinna hefur ekki verið skráð. Námsvísar liggja ekki fyrir við matið, námsáætlanir eru ekki birtar á heimasíðu en sumar þeirra eru birtar í Mentor að sögn kennara. Áætlanir voru þó sýnilegar í flestum stundum sem matsmenn heimsóttu. Í þeim birtast markmið og áætlun um verkefni og yfirferð en ekki hæfniviðmið eða upplýsingar um námsmat. Einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir nemendur í stærðfræði í aldursblönduðum hópi. Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur með sérstakar þarfir í námi og nýtur skólinn stuðnings sérkennslufulltrúa hjá Skóla- og tómsfundasviði Ísafjarðarbæjar við gerð þeirra.

2.2. Árangur náms

Samkvæmt mælingum á samræmdum könnunarprófum sem nemendur þreyta í 4., 7. og 9. bekk (var 10. bekkur) er árangur nemenda skólans oft undir meðaltali jafnaldrar. Þar sem hver árgangur er fámennur er tekið saman uppsafnað meðaltal þessara árganga. Árangur hjá 4. bekk 2014-2018 var aðeins yfir meðaltali jafnaldrar í íslensku og jafn meðaltali í stærðfræði. Ekki hefur verið unnið markvisst með niðurstöður námsmats eða samræmdra könnunarprófa en niðurstöðurnar hafa verið ræddar. Listi yfir skimanir og kannanir frá Ísafjarðarbæ liggur fyrir en ekki kemur fram hvernig unnið er með niðurstöður.


Líðan nemenda í skólanum kemur fram í svörum þeirra í Skólapúlsinum. Í síðustu mælingu nemenda frá skólaárinu 2018-2019 kemur fram að líðan þeirra sem þátt taka er marktækt undir landsmeðaltali og hefur enn lækkað frá fyrri mælingu, hluti hópsins glímir við áhyggjur og stress og einelti mælist yfir landsmeðaltali eins og árin á undan. Samsömun við nemendahópinn er undir meðaltali og dalar milli ára en tengsl nemenda við kennara mælast nú hærra en áður. Eineltisáætlun er ekki birt á heimasíðu en í óbirtri starfsáætlun ársins er vísað í eineltisáætlun Ísafjarðarbæjar. Leit með þeim tengli skilaði ekki árangri. Að sögn skólastjóra er verið að vinna að því að bæta líðan nemenda og draga úr einelti með áherslu á lífsleikni, bekkjarfundir eru vikulega og námsráðgjafi kemur einnig að þessari vinnu.

Í foreldrakönnun sem lögð var fyrir í tengslum við matið telja um 70% svarenda að börnum þeirra líði vel í skólanum. Þegar spurt er hvort foreldrar fái reglulega góðar og leiðbeinandi upplýsingar um námsárangur barnsins svara 70% hvorki né og 10% eru mjög ósammála þessari fullyrðingu.

Samræmd könnunarpróf

Samantekt á niðurstöðum samræmdra könnunarprófa. Birt er uppsafnað meðaltal þar sem fjöldi nemenda er undir viðmiðum um birtingu einstök ár.


4. bekkur



* Enginn nemandi tók samræmd könnunarpróf 4. bekkjar árið 2009, 2012 og 2017.

Uppsafnað meðaltal árangurs 4. bekkjar á samræmdum könnunarprófum í íslensku og stærðfræði sýnir að hann hefur verið að aukast í báðum fögum þegar skoðað er uppsafnað meðaltal. Árangur í stærðfræði hefur verið betri en í íslensku og hefur legið við landsmeðaltal frá 2007. Hins vegar jókst árangur í íslensku töluvert 2014-2018 og mældist rétt yfir meðaltali.

7. bekkur




Árangur 7. bekkjar í íslensku hefur verið að aukast en er talsvert undir landsmeðaltali þegar skoðað er uppsafnað meðaltal fyrir 2011-2017. Árangur í stærðfræði hefur dalað og mældist 2011-2017 nokkuð undir meðaltali eða svipað og íslenskan.

9. bekkur

Árið 2017 voru samræmd könnunarpróf haldin í 9. bekk og verður svo í framtíðinni. Nemendafjöldi var undir viðmiðum um birtingu fyrir einstök ár. Árangur nemenda var undir landsmeðaltali í íslensku og stærðfræði en yfir í ensku.

10. bekkur



Árangur í 10. bekk í ensku hefur aukist þegar skoðað er uppsafnað meðaltal fyrir 2010-2014 en er undir landsmeðaltali. Árangur í íslensku jókst töluvert 2005-2009 en dalaði lítillega aftur 2010-2014 og mældist undir meðaltali. Árangur í stærðfræði mældist lakastur af þeim fögum sem eru mæld og hefur haldist stöðugri en er mikið undir meðaltali.


Lesferill

Myndir af Lesferli eru ekki birtar þar sem fjöldi nemenda er undir viðmiðum um birtingu. Fylgst er með framförum nemenda í lestri með Lesferli, „rýnum eftir hverja lotu hvort markmiðinu er náð“, sögðu kennarar í rýnihópi.

2.3 Gæði kennslu

Í starfsáætlun er sett fram sem markmið að auka gæði náms og kennslu með sífelldri endurskoðun og markvissri uppbyggingu. Í rýnihópum kom fram að lögð er áhersla á að markmið stýri kennslu fremur en bækur. Í flestum kennslustundum sem matsmenn sátu sýndu kennarar fagmennsku og kennslufræðilega hæfni, skipulag kennslutíma var að jafnaði gott og tíminn vel nýttur. Þó skal bent á að morgunverðarstund nemenda ætti að vera hluti af frímínútum en ekki tekin af kennslutíma nemenda.

Matsmenn voru á vettvangi í 13 kennslustundum hjá yngri og eldri deild í fjölbreyttum námsgreinum. Þessar kennslustundir voru flestar metnar góðar en í um fjórðungi kennslustundanna var talið að einhverja mikilvæga þætti mætti bæta.



Kennsluáherslur sem matsmenn sáu á vettvangi voru í tæplega helmingi stunda bein kennsla, þar sem kennslustundin einkennist af því að kennari er í hlutverki fræðara sem miðlar upplýsingum og nemendur að vinna í verkefnabækur sínar. Leiðbeinandi kennsluáherslur voru að hluta til í 15% stundanna og 38% metinna kennslustunda voru skipulagðar þannig að nemendur höfðu virkt hlutverk við að stýra framvindu eða höfðu bein áhrif á framgang eigin náms sem er hærra hlutfall en almennt gerist.


Í kennsluáætlunum er ekki sérstaklega fjallað um tilhögun námsaðlögunar en í stærðfræði vinna nemendur eftir einstaklingsáætlunum. Umfjöllun um námsmat birtist ekki í kennsluáætlunum og í starfsáætlun segir að skólaárið 2018-2019 verði unnið markvisst að því að móta stefnu í námsmati og vinna með fjölbreyttar leiðir til námsmats. Í rýnihópi nemenda segjast þeir ekki hafa fengið námsmat eftir síðustu önn, „ekki einkunnir, bara kannanir“. Kennarar í rýnihópi töluðu um huglægt eða óformlegt námsmat.

Nemendur segja verkefni misjafnlega krefjandi „stundum of létt“, þau kalla einnig eftir meira aðhaldi í skilum á verkefnum. Í einstaklingsáætlun fá bráðgerir nemendur tækifæri til að fara á eigin hraða.

2.4 Skipulag náms

Samkenntla er í yngri deild, 2.-4. bekk og eldri deild, 8.-9. bekk. Engir nemendur eru í 1. bekk, 10. bekk eða á miðstigi. Fjöldi nemenda í námshópi í metnum kennslustundum var frá sjö til tíu nemendur. Samskipti voru almennt jákvæð milli nemenda og milli nemenda og kennara. Í Skólalámsi mælist samband nemenda við kennara nálægt landsmeðaltali og hækkar síðustu tvö árin. Samsömun við nemendahóp mælist aftur á móti langt undir landsmeðaltali og dalar ár frá ári. Trú á eigin námsgetu og eigin vinnubrögð í námi mælist einnig undir landsmeðaltali.

Kennslu- og námsáherslur þar sem nemendur vinna einir við nám var í 54% kennslustunda sem matsmenn mátu. Markviss samvinna nemenda var í 15% stunda og að auki sást samvinna að hluta í rúmlega 30% stunda. Umræður og skoðanaskipti voru ekki stór hluti í námi og kennslu sem matsmenn sáu á vettvangi.



Nemendur nýttu upplýsingatækni í námi sínu í tæplega helmingi stunda sem matsmenn heimsóttu en kennarar sjaldnar við kennslu.

Á stundatöflum nemenda sem liggja fyrir við matið eru list- og verkgreinar skráðar í 240 mínútur á viku í 2.-4. bekk sem uppfyllir viðmið í aðalnámskrá. List- og verkgreinar eru að hluta kenndar í smiðjum og þess þarf að gæta að listgreinar, þ.e. tónmennt, sjónlistir og sviðslistir og verkgreinar, þ.e. hönnun og smíði, textílmennt og heimilisfræði hafi jafnt vægi innan heildartímans. Nemendur í 8.-9. bekk eru með skilgreint val á stundaskrá fjórar kennslustundir í viku. Það uppfyllir ekki kröfu um að val á unglíngastigi skuli vera um fimmtungur námstímans eða um sjö kennslustundir á viku hjá hverjum árgangi.

2.5 Námsvitund

Nemendur voru almennt áhugasamir í námi og virkir í kennslustundum sem heimsóttar voru. Eldri nemendur í rýnihópi segjast þekkja til markmiða og hæfniviðmiða og segja þau vera á veggjum í bekkjarstofum. Nemendur setja sér markmið „stundum í ákveðnum greinum“. Nemendur í eldri deild fá tækifæri til að vinna út frá sínu áhugasviði og í smiðjum á yngri stigi hafa nemendur frjálst val um verkefni og aðferðir. Nemendur í rýnihópi kannast ekki við að taka þátt í að meta eigið nám, þeir eru gagnrýnir á vinnubrögð, „stundum er kennslan ekki tekin nógu alvarlega og kennari útskýrir ekki vel“. Nemanda í rýnihópi finnst síðasta önnin hafa verið tilraun með nýjum skólastjóra og kennurum, „höfum ekki lært mikið“.

2.6 Ábyrgð og þátttaka

Starfsfólk og nemendur koma almennt vel fram og taka tillit til annarra. Í eldri hópnum er unnið með námsefnið *Að vera virk* sem kennir nemendum að koma með sjónarmið og ábendingar. Allir nemendur eldri deildar eru í nemendaráði og haldnir eru bekkjarfundir vikulega sem kennari sér um. Hlustað er á raddir nemenda og sem dæmi má nefna að nemendur höfðu frumkvæði að balli fyrir skólana í nágrenninu og þar söfnuðu þeir fyrir skólapeysum. Morgunverðarstund með hafragraut og ávöxtum er einnig að tillögu nemenda. Nemendur telja aftur á móti að þeir hafi lítið að segja um nám sitt „kemur stundum upp í umræðunni, en ekki gert neitt“, segir í rýnihópi.

Styrkleikar

- Skólinn leggur áherslu á að rækta hæfileika einstaklingsins og einbeitir sér að því að gera nemendur jafnt góða sem fróða.
- Einkunnarorð skólans, *virðing, metnaður, gleði, ábyrgð* eru birt á heimasíðu skólans.
- Foreldrar eru almennt ánægðir með skólann og stjórnun hans.
- Sérstakur stuðningur fer að öllu jöfnu fram innan námshópsins.
- Markvisst hefur verið unnið að því að bæta líðan nemenda og draga úr einelti með áherslu á lífsleikni og bekkjarfundi.
- Fagmennska og kennslufræðileg hæfni kennara sást í vettvangsheimsóknum, skipulag kennslutíma var að jafnaði gott og tími vel nýttur.
- Leiðbeinandi kennsluáherslur sáust í 38% metinna kennslustunda sem er hærra hlutfall en almennt gerist og markviss samvinna allra nemenda eða að hluta í 45% stunda.
- Nemendur nýttu upplýsingatækni í námi sínu í tæplega helmingi stunda.
- Nemendur voru almennt áhugasamir í námi og virkir í kennslustundum sem heimsóttar voru.
- Nemendur hafa frumkvæði að félagsstarfi og hafa áhrif á aðstæður sínar.

Tækifæri til umbóta

- Ljúka endurskoðun skólanámskrár, almennum hluta og birta á heimasíðu.
- Móta stefnu skólans um fjölbreytta kennsluhætti og fjölbreytt námsmat.
- Útbúa námsvísa þar sem birtist heildaráætlun um nám nemenda og lýst er hvernig einstakir þættir námsgreina raðast á námsár í samkennslunni.
- Útbúa námsáætlanir í öllum námsgreinum þar sem koma fram upplýsingar um námsmat og hæfniviðmið sem stefnt er að.
- Fram komi í námsáætlunum hvernig unnið er að námsaðlögun og framkvæmd stuðnings.
- Skrá hvernig unnið er að lykilhæfni og grunnþáttum menntunar.
- Vinna markvisst með niðurstöður námsmats og samræmdra könnunarprófa með það að markmiði að auka árangur nemenda.
- Veita foreldrum reglulega upplýsingar um námsárangur barns síns.
- Morgunverðarstund sé ekki tekin af kennslutíma nemenda.
- Auka vægi umræðna og skoðanaskipta í námi nemenda.
- Gæta þess að listgreinar, þ.e. tónmennt, sjónlistir og sviðslistir og verkgreinar, þ.e. hönnun og smíði, textílmenn og heimilisfræði hafi jafnt vægi innan heildartíma þessara greina.
- Auka vægi valgreina á unglingastigi þannig að þær séu um fimmtungur námstímans.
- Taka tillit til gagnrýni nemenda á nám og vinnubrögð.
- Þjálfarar nemendur í að meta eigið nám, vinnu og námsframvindu.

Þáttur 3 – Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

3.1 Skipulag

Fjallað er um innra mat/sjálfsmat í starfsáætlun fyrir skólaárið 2018-2019. Þar er greint frá því að haustið 2018 fóru starfsmenn á námskeið og lærðu að nota Gæðagreina við sjálfsmatið. Matsþættir í Gæðagreinum ná til allra þátta skólastarfsins og á þessu skólaári verður sjónum beint að forystu, námi og kennslu, samstarfi og skóla án aðgreiningar. Matsvinna með Gæðagreinum stendur nú yfir og taka allir starfsmenn þátt í þeirri vinnu. Þeir hafa lokið mati á einstökum þáttum hvers kafla en ekki greint styrkleika eða tækifæri til umbóta.

Í drögum að skólanámskrá sem eru frá 2016-2017 er kafli um innra mat, framkvæmd og leiðir en svo virðist sem ekki sé unnið eftir þeirri lýsingu í dag. Skólanámskrá er í vinnslu að sögn skólastjóra og verður unnið að mótun hennar samhliða mati á gæðum starfsins.

Kannanir Skólapúlsins eru lagðar fyrir nemendur og fyrir foreldra og starfsmannakönnun er lögð fyrir á vegum Ísafjarðarbæjar. Helstu niðurstöður kannana eru kynntar starfsmönnum og nemendum og í skólaráði. Ekki er unnið að mati á kennslu eða fagmennsku kennara eða kennsluháttum. Matsáætlun fyrir árin 2018-2021 er birt í starfsáætlun skólans fyrir yfirstandandi skólaár og þar segir einnig að úrbótaáætlun birtist á vefsíðu skólans 2019. Þegar matið fór fram í mars 2019 voru engar upplýsingar um innra matið á heimasíðu skólans.

3.2 Framkvæmd

Skólastjóri heldur utan um innra matið með Gæðagreinum og starfsmenn koma allir að þeirri vinnu. „Við vinnum saman að því að setja markmið“, segir í rýnihópi, „erum rétt komin af stað í þessu“. Umbætur eru ræddar jafnt og þétt en ekki gerðar neinar áætlanir. Skólastjóri hefur að eigin sögn ekki kynnst sér niðurstöður innra mats og umbótaáætlun frá fyrri árum. Foreldrar eða nemendur hafa ekki komið að innra matinu með Gæðagreinum og það ekki verið kynnt skólaráði. Skóla- og tómsfundasvið Ísafjarðar vinnur með skólum í sveitarfélaginu að innleiðingu Gæðagreina og veitir stuðning og ráðgjöf við þá þróunarvinnu.

3.3 Umbætur

Ekki liggur fyrir greinargerð um innra matið sem nú er unnið að í Gæðagreinum og ekki hefur verið gerð umbótaáætlun á grundvelli matsþáttanna sem unnið hefur verið með. Í ársskýrslu 2017-2018 er úrbótaáætlun sem gerir ráð fyrir að unnið verði með þrjá þætti er varða líðan nemenda sem mældust marktækt undir landsmeðaltali í Skólapúlsinum. Ekki kemur fram hver ber ábyrgð á framkvæmd umbótaverkefnanna né tímasetningar eða viðmið um árangur. Í rýnihópi kemur fram að unnið hefur verið með líðan nemenda út frá niðurstöðum Skólapúlsins í ár. Í rýnihópi foreldra kom fram að þeir fái ekki kynningu á niðurstöðum kannana þar sem þær séu persónugreinanlegar vegna fámennis.

Styrkleikar

- Matsvinna með Gæðagreinum stendur nú yfir og taka allir starfsmenn þátt í þeirri vinnu.
- Gagna um skólastarf er aflað hjá nemendum, starfsfólki og foreldrum.
- Niðurstöður kannana eru kynntar innan skólans.

Tækifæri til umbóta

- Skipa þarf teymi um innra mat með fulltrúum allra aðila skólasamfélagsins.
- Fjalla um leiðir sem skólinn fer til að meta innra starf í skólanámskrá.
- Innra mat þarf að verða samofið daglegu skólastarfi.
- Hafa áætlun um innra mat opinbera.
- Gera þarf mat á kennslu og fagmennsku kennara að föstum lið í innra mati.
- Afla gagna um skólastarf með fjölbreyttari aðferðum en könnunum hjá aðilum skólasamfélagsins.
- Vinna umbótaáætlun út frá mati með Gæðagreinum og tilgreina hvernig og hvenær á að meta árangur umbótaáðgerða.